

Sp.

106. Tillaga til þingsályktunar

[79. mál]

um ökuskóla.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf, svo fljótt sem verða má, um ökuskóla. Miða skal við að stórauka verklegt og bóklegt nám þeirra, sem ganga undir ökupróf og fá ökuskipteini. Löggjöf þessi skal undirbúin í samráði við lögreglustjóra og bifreiðaeftirlitið.

Greinargerð.

Hinir tíðu árekstrar og umferðaóhöpp, svo ekki sé talað um hin alvarlegu umferðarslys, hljóta að eiga rót sína að rekja til einhverra orsaka. Ég held, að langlíklegustu orsakirnar séu kæruleysi og vanþekking ökumanna. Auðvitað er oft um óviðráðanleg slys að ræða, en að sá aragrúi árekstra, sem hér verður daglega, geti talizt eðlilegur, held ég, að sé alveg útilokað. Ég held, að fjöldamargir geri sér ekki ljóst, hvað það er raunverulega vandasamt verk að aka bifreið.

Þegar um er að ræða fjöldamarga ökukennara víðs vegar um landið, getur ekki hjá því farið, að þeir hafi mismunandi kennsluaðferðir og mismunandi sjónarmið varðandi kennsluna. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, að komið sé á fót sér sökum ökuskólum. Það mætti hugsa sér, að slíkir skólar væru reknir af einka aðilum, en sett væri ströng löggjöf um kennsluna og sérstök leyfi væru gefin út af viðkomandi ráðuneyti til þeirra, sem taldir væru hæfir til slíks skólahalds. Lögregla og bifreiðaeftirlit ættu að hafa veruleg áhrif á það, hvernig kennslunni væri hagað, og taka jafnvel að sér vissa þætti hennar.

Ég tel, að með strangri og vel skipulagðri kennslu, bæði í ökutækni og umferðarreglum, ætti aðgát og öryggi bifreiðastjóra að verða meira en nú er, og þegar frá líður hlýtur slík kennsla að verða til bóta varðandi umferðina.

Það er allmikið verk að semja slíka löggjöf sem þessa og hana þarf vel að vanda. Ég hef því valið þá leið að flytja þingsályktunartillögu nú til að hrinda málinu af stað, en ég legg áherzlu á, að því sé hraðað, svo sem kostur er.